



Nefnda- og greiningasvið Alþingis

nefnasvið@althingi.is

Umhverfis- og samgöngunefnd

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003 (skipulag o.fl.) – 180. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

Með tölvupósti dags. 22. september sl. sendi nefndavið Alþingis Vegagerðinni frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 til umsagnar. Frestur til að skila inn umsögn er til 6. október 2023.

Vegagerðin vísar til fyrri umsagnar um frumvarpið sem áður hefur verið lagt fram.

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins en áréttað að gera þurfi ráð fyrir kostnaði vegna þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu.

Annars vegar vill Vegagerðin þannig benda á að fari svo að Vegagerðin feli tveimur aðilum rekstur vaktstöðvar siglinga getur yfirfærsla ábyrgðar haft í för með sér kostnað við sjálfa yfirfærsluna og skiptingu verkefna milli aðila. Í greinargerð kemur fram að yfirfærsla ábyrgðar varðandi rekstur vaktstöðvar siglinga geti haft í för með sér óverulegulegan kostnað en ekki er fjallað um þann kostnað frekar.

Hins vegar vill Vegagerðin benda á væntanlegan kostnað stjórnvalds við meðferð sektarmála. Álagning stjórnvaldssekta kallar á undanfarandi málsmeðferð stjórnvaldsins samkvæmt stjórnslutölum s.s. að mál séu rannsökuð fyllilega, andmælaréttar sé gætt o.s.frv. Þar sem um nýtt verkefni er að ræða, til viðbótar við önnur verkefni, er ljóst að þessu mun fylgja aukinn kostnaður fyrir það stjórnvald sem sinna mun verkefninu.

Í þeim kafla greinargerðarinnar sem fjallar um mat á áhrifum lagasetningar kemur fram að: “þá getur meðferð stjórnvaldssektarmála fylgt umsýslukostnaður en ekki er gert ráð fyrir að ákvæði þessu verði beitt í miklum mæli”. Í umsögn Landhelgisgæslunnar við frumvarpið á síðasta þingi dags. 12. maí 2023 má hins vegar sjá að hún telji líklegt að ákvæðinu verði í raun beitt en skortur hafi verið á valdheimildum til að tryggja framfylgni laga nr. 41/2003. Sérstaklega eigi það við varðandi komutilkynningar sem mörg dæmi séu um að berist ekki, of seint, eða á röngum tíma.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því það var síðast lagt fram gera það enn líklegra að beita þurfi valdheimildunum þar sem gert er ráð fyrir því að tilkynningarskyldan nái einnig til farþegaskipa sem hyggjast setja farþega í land utan hafna sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Með frumvarpinu fylgir ekki nánara mat á kostnaði og telur Vegagerðin því rétt að benda á framangreint og að gera verði ráð fyrir þeim kostnaði sem frumvarpinu fylgi verði það að lögum.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Bergþóra Þorkelsdóttir
forstjóri